

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Kjósarhreppur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2004 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að opin óbyggð svæði innan marka Kjósarhrepps breytast í landbúnaðarsvæði að undanskildu 50 m breiðu belti meðfram helstu ám og vötnum, meðfram strönd Hvalfjarðar og helgunarsvæði stofn- og tengivega. Helgunarsvæði vegna Brennimelslínu 1 (háspennulína) er jafnframt skilgreint sem óbyggt svæði. Einnig breytist texti í greinargerð svæðisskipulagsins sem kemur fram í töflu 3.2 varðandi fjölda íbúða í sveitarfélaginu sem aukast úr 50 íbúðum í 110 íbúðir.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hreppsnefndar Kjósarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*